



Borgarráð

Áfangastaða- og markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins

Lagt er til að borgarráð staðfesti hjálagðan samstarfssamning um áfangastaðinn höfuðborgarsvæðið, dags. 2. desember 2021. Lagt er til að borgarstjóra verði falið fullt og ótakmarkað umboð til að undirrita samstarfssamninginn.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Bréf SHH – Áfangastaða- og markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins, dags. 10. desember 2021, ásamt samstarfssamning um samstarfsvettvang um áfangastaðinn höfuðborgarsvæðið, dags. 2. desember 2021 og öðrum fylgiskjölum.



Til aðildarsveitarfélaga SSH

Kópavogur, 10. desember 2021

Efni: Áfangastaða- og markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins.

Á 532. fundi stjórnar SSH, hinn 6. desember 2021, var ofangreint til umræða og eftirfarandi bókað í fundargerð:

"Stjórn samþykkir fyrir sitt leyti framkomna tillögu um áframhald verkefnisins. Frekari kynning tillögunnar fari fram hjá þeim sveitarfélögum sem þess óska. Stjórn felur framkvæmdastjóra að útfæra endanlegt fyrirkomulag og samstarfssamning samkvæmt tillögu ráðgjafahópsins og leggja fyrir stjórn á næsta fundi."

Ráðgjafahópur verkefnis hefur fundað tvisvar síðan til að fara yfir útfærslur að samstarfssamningi milli sveitarfélaganna og liggja nú fyrir drög að samstarfssamning dags. 2. desember 2021. Einnig eru fyrirbyggjandi drög að samningi milli SSH og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins dags. 2. desember 2021. Þá eru fyrirbyggjandi fundargerðir ráðgjafahóps verkefnisins.

Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi drög fyrir sitt leyti og felur skrifstofu SSH að senda fyrirbyggjandi samningsdrög um áframhald verkefnisins til umræðu, afgreiðslu og staðfestingar á vettvangi aðildarsveitarfélaganna og þeirra samtaka atvinnulífsins sem gert er ráð fyrir að eigi aðild að samningnum. Jafnframt er skrifstofu SSH falið að óska eftir tilnefningum í stefnuráð.

Í framhaldi af afgreiðslu sveitarfélaganna er framkvæmdastjóra veitt fullt og ótakmarkað umboð til að undirrita samstarfssamning við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið um stofnun samstarfsvettvangs um áfangastaðinn höfuðborgarsvæðið á starfssvæði Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Beiðni um afgreiðslu sveitarfélaga:

1. Meðfylgjandi eru drög að samstarfssamningi um áfangastaðinn höfuðborgarsvæðið dags. 2. desember 2021 og eru þau lögð fram til umræðu og afgreiðslu sveitarfélagsins. Þess er óskað að samstarfssamningurinn verði **staðfestur** á vettvangi sveitarfélagsins og framkvæmdastjóra þess **falið fullt og ótakmarkað umboð til að undirrita samstarfssamninginn.**
2. Einnig er farið fram á **tilnefningu** tveggja kjörinna fulltrúa í stefnuráð sbr. grein 2.3. í samningsdrögunum. Hvert sveitarfélag tilnefnir tvo fulltrúa að undanskilinni Reykjavíkurborg sem tilnefnir þrjá. Kjörnir fulltrúar verða aðeins skipaðir til 30. maí 2022 vegna sveitastjórnarkosninga.

Þess er óskað að afgreiðsla samstarfssamnings, umboð til undirritunar hans og tilnefningar í stefnuráð berist á netfangið ssh@ssh.is eigi síðar en 15. janúar nk.



Gert er ráð fyrir að ráðgjafahópur verkefnisins starfi áfram í óbreyttri mynd en vilji sveitarfélög tilnefna nýjan fulltrúa í hópinn skal það tilkynnt til skrifstofu SSH. Fulltrúar skulu vera úr hópi kjörinna fulltrúa eða búa yfir sérþekkingu á málaflokknum og vera í aðstöðu til þess að leiða verkefni áfram innan síns sveitarfélags. Sjá frekari upplýsingar um ráðgjafahópinn í grein 2.4. í samningsdrögum.

Óskir um kynningar, sbr. framangreint, berist Jóni Kjartani Ágústssyni, svæðisskipulagsstjóra höfuðborgarsvæðisins, sem er tengiliður þessa verkefnis. Netfang hans er jon@ssh.is og símanúmer 8485271.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd SSH

Páll Björgvin Guðmundsson
framkvæmdastjóri SSH

Meðfylgjandi:

- DRÖG_Samstarfssamningur um samstarfsvettvang um áfangastaðinn höfuðborgarsvæðið.pdf
- DRÖG_Samstarfssamningur_ANR og SSH_nóv2021.pdf
- 9. Fundargerð ráðgjafahópur um áfangastaða- og markaðsstofu.pdf
- 10. Fundargerð ráðgjafahópur um áfangastaða- og markaðsstofu.pdf

Samstarfssamningur

Samstarfsvettvangur um áfangastaðinn höfuðborgarsvæðið

Sveitarfélögin Garðabær (kt. 570169-6109), Hafnarfjörður (kt. 590169-7579), Mosfellsbær (kt. 470269-5969), Kópavogur (kt. 700169-3759) Reykjavíkurborg (kt. 530269-7609) og Seltjarnarnesbær (kt. 5602692429) ásamt Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) (kt. 681077-0819), Ferðamálasamtökum höfuðborgarsvæðisins (kt. 6312882789), Samtökum ferðaþjónustunnar (kt. 5502696359) og Samtökum verslunar og þjónustu (kt. 5502696359) gera með sér eftirfarandi samstarfssamning fyrir árið 2022:

1. gr.

Tilgangur, markmið og helstu verkefni

Tilgangur þessa samnings er að setja af stað samstarfsvettvang sveitarfélaga og atvinnulífsins á höfuðborgarsvæðinu um ferðamál með það hlutverk að styðja við þróun áfangastaðarins í átt að sjálfbærri framtíðarsýn og aukinni samkeppnishæfni. Áherslan verði á þróun, kynningar- og markaðsstarf ásamt samlegð og samtali hagaðila í ferðaþjónustu og tengdra aðila.

Markmið samnings þessa eru:

- Að efla vitund og þekkingu um áfangastaðinn og allt það sem svæðið hefur upp á að bjóða, jafnt fyrir ferðamenn og íbúa.
- Að þróa, móta og efla samstarf og samlegð um málefni ferðaþjónustunnar á höfuðborgarsvæðinu milli sveitarfélaga, atvinnulífs og stjórnvalda.
- Að efla samkeppnishæfni og slagkraft áfangastaðarins í alþjóðlegri samkeppni.
- Að stuðla að sátt íbúa, atvinnulífs og sveitarfélaga um málefni ferðaþjónustunnar.
- Að styrkja stoðir og uppbyggingu ferðaþjónustunnar eftir COVID19

Helstu verkefni samráðsvettvangsins á árinu 2022:

- Að vinna áfangastaðaáætlun, stefnumótun og framtíðarsýn fyrir áfangastaðinn og aðgerðaráætlun (til 3-5 ára).
- Að greina tölfræði og vinna markmið og mælikvarða fyrir áfangastaðinn.
- Að móta og byggja upp samstarfið.
- Að byggja upp samstarf við þátttakendur/fyrirtæki.
- Að undirbúa stofnun áfangastaða – og markaðsstofu fyrir höfuðborgarsvæðið.

2. gr.

Stjórn og skipulag samstarfsvettvangsins

Samstarfsvettvangurinn skal vera hýstur hjá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) á árinu 2022. SSH fer með umsýslu fjármála, bókhalds og starfsmannahald samstarfsvettvangsins.

2.1 gr. Verkefnisstjóri

SSH ræður verkefnisstjóra verkefnisins til 1 árs í samráði við ráðgjafahópinn. Verkefnisstjóri skal sinna daglegum verkefnum, stýra samtali við hagaðila og kaupa ráðgjöf eins og við á vegna valinna verkhluta. Verkefnisstjóri skal vera staðsettur hjá SSH en einnig hafa starfsaðstöðu hjá Höfuðborgarstofu til þess að gæta samlegðar við stjórnvöld, sveitarfélögin og markaðsstofur landshlutanna um stefnumál sem tengjast þeim verkþáttum sem unnir verða á árinu.

2.2. gr. Ferðamálaþing

Haldið skal Ferðamálaþing í byrjun árs 2022 þar sem öllum hagaðilum áfangastaðarins er boðin þátttaka, þ.m.t. kjörnum fulltrúum. Ferðamálaþingið er umræðuvettvangur hagaðila sem er til þess fallinn að fá fram kynningu og tillögur um ferðamál á höfuðborgarsvæðinu sem hægt er að vísa til stefnuráðs.

2.3. gr. Stefnuráð

Skipað skal í *stefnuráð* til eins árs sem skal hittast a.m.k. þrisvar á árinu 2022. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu tilnefna samtals 13 aðila, úr hópi kjörinna fulltrúa eða aðila með fagþekkingu á málaflokki ferðamála. Hvert sveitarfélag tilnefnir tvo þessara fulltrúa að undanskilinni Reykjavíkurborg sem tilnefnir þrjá fulltrúa. Ferðamálasamtök höfuðborgarsvæðisins tilnefna þrjá fulltrúa, Samtök ferðaþjónustunnar tilnefna þrjá fulltrúa og Samtök verslunar og þjónusta tilnefna tvo fulltrúa, eða 8 samtals og skulu þeir koma úr hópi stjórnenda fyrirtækja á breiðum grunni ferðaþjónustu, verslunar og þjónustu og menningar. Samtals er því 21 aðili í stefnuráði. Skal við tilnefningar gæta að áskilnaði 28. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020.

Aðilar skulu fyrir 15. janúar 2022 tilnefna fulltrúa í stefnuráð til eins árs. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu annast móttöku tilnefninga. Kjörnir fulltrúar verða skipaðir til 30. maí 2022 vegna sveitastjórnarkosninga og nýjar tilnefningar skulu berast fyrir 1. júlí 2022. Forfallist fulltrúi í stefnuráði til lengri tíma er aðilum heimilt að tilnefna nýjan fulltrúa í hans stað og skal tilkynning hvað það varðar berast SSH.

Hlutverk stefnuráðsins er að móta og vera ráðgefandi um tillögur um áfangastaðaáætlun, stefnu og framtíðarsýn um höfuðborgarsvæðið sem áfangastað til næstu 3-5 ára sem öll sveitarfélögin vinna þá eftir. Tillögur stefnuráðsins verða lagðar fyrir stjórn SSH til samþykktar, og í framhaldi lögð fyrir sveitarfélögin til endanlegrar afgreiðslu. Ávallt er hægt að kalla eftir kynningu á stöðu verkefnisins hvort sem er fyrir sveitarfélög eða samtök.

Gert er ráð fyrir a.m.k. þremur fundum stefnuráðs á árinu 2022:

- 1) Í upphafi árs þar sem farið verður yfir stöðuna og skapaðar ráðgefandi og stefnumótandi umræður um framtíð höfuðborgarsvæðisins sem áfangastaðar og þau verkefni sem sett hafa verið af stað af samstarfsvettvangnum.
- 2) Um mitt ár verði haldinn stöðufundur um framvindu verkefna samstarfsvettvangsins og fyrstu drög og umræður fengnar um áfangastaðaáætlun, stefnumótun og framtíðarsýn fyrir áfangastaðinn.
- 3) Í lok árs þar sem áfangastaðaáætlun, stefna og framtíðarsýn fyrir áfangastaðinn verður til umræðu og samþykktar til næstu 3- 5 ára. Ásamt því að farið verður yfir næstu skref er varða verkefni s.s. stofnun áfangastaða- og markaðsstofu.

Stefnuráð kys sér formann á fyrsta fundi. Stefnuráð er ályktunarbært ef meirihluti stefnuráðsfulltrúa mætir á fundi og skal formaður vera þeirra á meðal. Hver og einn stefnuráðsfulltrúi fer með eitt atkvæði. Ávallt skal stefna að samkomulagi og samstöðu stefnuráðsfulltrúa um niðurstöður funda, takist það ekki ræður afl atkvæða. Verkefnisstjóri samstarfsvettvangsins sér um að boða fundi með a.m.k. 2 vikna fyrirvara, rita fundagerðir og setja upp dagskrá funda í samráði við formann stefnuráðsins. Ráðgjafahópur situr einnig fundi stefnuráðs með málfrelsis- og tillögurétt. Framkvæmdastjóri SSH situr bæði fundi stefnuráðs og ráðgjafahóps með málfrelsis- og tillögurétt.

2.4. gr. Ráðgjafahópur

Ráðgjafahópurinn sem starfað hefur frá byrjun árs 2021 og í voru tilnefndir aðilar frá sveitarfélögunum ásamt Samtökum ferðaþjónustunnar, Samtökum verslunar og þjónustu og Ferðamálasamtökum höfuðborgarsvæðisins mun starfa áfram frá undirskrift þessa samnings. Vilji aðilar að samningi þessum tilnefna nýjan fulltrúa í ráðgjafahópinn skal það tilkynnt til skrifstofu SSH. Fulltrúar skulu vera úr hópi kjörinna fulltrúa eða búa yfir sérþekkingu á málaflokknum og vera í aðstöðu til þess að leiða verkefni áfram innan síns sveitarfélags eða samtaka.

Ráðgjafahópur skal hittast mánaðarlega ásamt verkefnisstjóra hjá SSH. Hlutverk ráðgjafahópsins er að fylgja eftir daglegum verkefnum og markmiðum samstarfsvettvangsins á fyrsta ári. Hann skal vera bakland verkefnisstjóra í málefnum sem þarfnast umræðu eða aðstoðar í tengslum við sveitarfélög eða atvinnulíf. Ráðgjafahópurinn getur sett upp tímabundna faghópa um tiltekin málefni eða verkefni og kallað eftir tilnefningum frá sveitarfélögum og samtökum.

Nánar er hægt að skoða skipulag samstarfsvettvangsins í fylgiskjali 1.

3. gr.

Fjármögnun samstarfsvettvangsins

Samstarfsaðilar greiða fyrir þátttöku í samstarfsvettvangnum. Sveitarfélögin greiða á grunni íbúafjölda en atvinnulífið fasta upphæð. Fjármögnun er eftirfarandi:

TAFLA 1*			
Samstarfsaðili	Íbúafjöldi	Hlutfall	Upphæð
Reykjavíkurborg	134.101	56%	6.751.984
Kópavogsbær	38.760	16%	1.952.891
Seltjarnarneskaupstaður	4.690	2%	239.302
Garðabær	18.060	8%	909.938
Hafnarfjarðarkaupstaður	29.530	12%	1.487.845
Mosfellsbær	12.880	5%	648.948
Ferðamálasamtök höfuðborgarsvæðisins			1.000.000
Samtök ferðaþjónustunnar			1.000.000
Samtök verslunar og þjónustu			500.000
	Samtals	100%	14.500.000

*Í töflu 1 er um að ræða áætlun en skipting milli sveitarfélaga verður miðuð við íbúatölu frá 1. desember 2021 við endanlega fjármögnun.

Einnig er gert ráð fyrir fjármagni frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu að upphæð 12 mkr. á grunni samnings um stofnun áfangastaða- og markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins til framtíðar. Þá er einnig gert ráð fyrir fjármagni í valin verkefni frá sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins að upphæð 4 mkr. Heildarframlög til samstarfsvettvangsins á árinu 2022 væru þá **30.5 mkr.**

Viðmiðunar fjárhagsáætlun á fyrsta ári er þá eftirfarandi skv. töflu 2:

Tafla 2	
Verkefnisstjóri, starfsaðstaða ofl.	16.000.000
Aðkeypt vinna vegna m.a. áfangastaðaáætlunar	10.000.000
Tölfræðivinna, Ferðamálaþing ofl.	4.500.000
Samtals	30.500.000

4. gr.

Gildistími samstarfssamning

Samningur þessi gildir frá 1. janúar til 31. desember 2022. Lokauppgjör ásamt framvinduskýrslu verkefnisins skal liggja fyrir í lok febrúar 2023.

Kópavogi, 2.12.2021

F.h. Garðabæjar,

Gunnar Einarsson, bærarstjóri

F.h. Hafnarfjarðarbæjar,

Rósa Guðbjartsdóttir, bærarstjóri

F.h. Kópavogsbæjar,

Árman Kr. Ólafsson, bærarstjóri

F.h. Mosfellsbæjar

Haraldur Sverrisson, bærarstjóri

F.h. Reykjavíkurborgar,

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri

F.h. Seltjarnarnesbæjar,

Ásgerður Halldórsdóttir, bærarstjóri

F.h. Ferðamálasamtaka höfuðborgarsvæðisins,

F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar,



F.h. Samtaka verslunar og þjónustu,

Fylgiskjal 1

Skipulag samstarfsvettvangsins 2022

Samstarfsvettvangur sveitarfélaga og atvinnulífs um höfuðborgarsvæðið sem áfangastað
Allir geta tekið þátt í samstarfsvettvanginum sem vilja próa og efla ferðajónustu á höfuðborgarsvæðinu.

Ferðamálaþing höfuðborgarsvæðisins



Samstarfssamningur um stofnun samstarfsvettvangs um áfangastaðinn höfuðborgarsvæðið á starfssvæði Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, kt. 710812-0120 og Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, kt. 681077-0819, í samningi þessum nefnd SSH, gera með sér eftirfarandi samstarfssamning um stofnun samstarfsvettvangs sveitarfélaga og atvinnulífsins um áfangastaðinn höfuðborgarsvæðið.

1. gr. Forsendur

Í Framtíðarsýn og leiðarljósi íslenskrar ferðaþjónustu til 2030 sem unnin var í samvinnu ríkis, sveitarfélaga og greinarinnar birtast m.a. eftirfarandi áherslur:

- Aukin framleiðni, verðmætasköpun og samkeppnishæfni um land allt.
- Ábyrg ferðaþjónusta sem nýtir tækni, nýsköpun og vöruþróun.
- Jákvæð áhrif á nærsamfélag og aukin lífsgæði.
- Áhersla á stjórnun og uppbyggingu áfangastaða og að ferðamenn ferðist um land allt, árið um kring.
- Allir landshlutar njóti ávinnings af ferðaþjónustu.
- Upplifun gesta sé betri eða í samræmi við væntingar.
- Náttúra, menning og afþreying stuðla að einstakri upplifun gesta.
- Fagmennska, gæði og öryggi einkenna íslenska ferðaþjónustu.
- Jafnvægi milli hagnýtingar og verndar náttúru og uppbygging innviða taki mið af því.
- Virðing fyrir þolmörkum og álagsstýring á áfangastöðum ferðamanna.

2. gr. Markmið

Markmið samningsins er að vinna að því að settur verði á fót samstarfsvettvangur sveitarfélaga og atvinnulífs um áfangastaðinn höfuðborgarsvæðið í byrjun árs 2022. Hlutverk hans verði að styðja við þróun áfangastaðarins í átt að sjálfbærri framtíðarsýn og aukinni samkeppnishæfni. Áhersla verði á þróun og kynningar- og markaðsstarf ásamt samlegð og samtali hagaðila í ferðaþjónustu og tengdra aðila. Unnið verði að því að samstarfsvettvangurinn verði við árslok 2022 að áfangastaðastofu höfuðborgarsvæðisins. Þetta er gert til að efla stoðkerfi ferðaþjónustunnar og stuðla að jákvæðum framgangi ferðaþjónustu á starfssvæði samtakanna. Stofnun áfangastaðastofa um land allt er veigamikill þáttur í því. Til þess að valda því hlutverki sem þeim er ætlað er nauðsynlegt að byggja upp öflugar áfangastaðastofur sem búa yfir sérhæfðum mannaúði, þekkingu og reynslu.

Eitt meginverkefni áfangastaðastofu er að leggja fram áfangastaðaáætlun fyrir viðkomandi landsvæði og tryggja að sú áætlun sé í samræmi við m.a. aðra lögbundna áætlanagerð og aðal- og deiliskipulag fyrir viðkomandi svæði.

3. gr. Verkefni samstarfsvettvangsins 2022

Helstu verkefni samstarfsvettvangsins á árinu 2022 eru:

- Að vinna áfangastaðaáætlun fyrir höfuðborgarsvæðið ástamt stefnumótun, framtíðarsýn og aðgerðaáætlun til 3-5 ára,
- Að greina tölfræði og vinna markmið og mælikvarða fyrir áfangastaðinn,
- Að móta og byggja upp samstarfið m.a. með því að setja á fót ráðgjafahóp, stefnuráð, halda Ferðamálaþing og eiga í samskiptum við hagaðila,
- Að undirbúa stofnun áfangastaðastofu höfuðborgarsvæðisins sem taki til starfa í árslok 2022.

4. gr. Fyrirkomulag

Skipað verður í stefnuráð til eins árs sem skal hittast a.m.k. þrisvar sinnum á árinu 2022. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu tilnefna fulltrúa ásamt Samtökum ferðaþjónustunnar, Samtökum verslunar og þjónustu og Ferðamálasamtökum höfuðborgarsvæðisins, samtals 21 aðila. Hlutverk ráðsins er að móta og vera ráðgefandi um tillögur um áfangastaðaáætlun, stefnumótun og framtíðarsýn höfuðborgarsvæðisins sem áfangastað til næstu 3-5 ára sem öll sveitarfélögin vinna þá eftir. Tillögur stefnuráðsins verða lagðar fyrir stjórn SSH til samþykktar og í framhaldi lögð fyrir sveitarfélögin til endanlegrar afgreiðslu.



Settur verður á fót ráðgjafahópur um áfangastaðastofu sem hafi það hlutverk að fylgja daglegum verkefnum og markmiðum samstarfsvettvangsins eftir og skal hann hittast mánaðarlega. Fulltrúar samstarfsvettvangsins tilnefna í hópinn, það er sveitarfélög höfuðborgarsvæðisins ásamt Samtökum ferðaþjónustunnar, Samtökum verslunar og þjónustu og Ferðamálasamtökum höfuðborgarsvæðisins, samtals 9 aðila.

Ferðamálaþing verður haldið í upphafi árs 2022 sem umræðuvettvangur hagaðila á svæðinu og til þess fallinn að fá fram kynningu og tillögur um ferðamál á höfuðborgarsvæðinu.

Samstarfsvettvangurinn verður hýstur hjá SSH fyrsta árið.

5. gr. Fjármögnun

Rekstur samstarfsvettvangsins skal fjármagnaður með eftirfarandi hætti árið 2022:

1. Framlagi sveitarfélaga á svæðinu samkvæmt nánari ákvörðun þeirra hverju sinni, að fjárhæð kr. 12.000.000,- (tölf milljónir króna 00/100) sbr. fylgiskjal II.
2. Framlagi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins að fjárhæð kr. 12.000.000,- (tölf milljónir króna 00/100) án vsk. Ekki verður um frekara framlag ráðuneytisins að ræða á árinu 2022 og ekki verður framhald á aðkomu ráðuneytisins að samstarfsvettvangnum verði áfangastaðastofa höfuðborgarsvæðisins ekki stofnuð fyrir árslok 2022. Nánar er gerð grein fyrir framlagi ráðuneytisins og greiðslufyrirkomulagi í fylgiskjali I sem er órjúfanlegur hluti samnings þessa.
3. Öðrum tekjum.

Samstarfsvettvangurinn skal haga rekstri sínum þannig að tekjur dugi fyrir kostnaði. Heildarfjárskuldbinding atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins takmarkast á samningstímanum við þá fjárhæð sem tilgreind er í samningi þessum. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið mun ekki greiða dráttarvexti ef greiðsla dregst og greiðsla ber hvorki vexti né verðtryggingu.

6. gr. Gildistími, uppsögn og endurskoðun

Samstarfssamningur þessi gildir til 31. desember 2022 og er gerður í tveimur samhljóða eintökum. Framvinduskýrsla um framgang verkefnisins skal vera tilbúin í lok febrúar 2023. Telji annar samningsaðili að hinn uppfylli ekki samningsbundnar skyldur sínar getur hann gert skriflega kröfu um að úr því verði bætt innan hóflegs frests. Sé ekki bætt úr annmörkum á framkvæmd samningsins getur samningsaðili sagt upp samningnum með þriggja mánaða fyrirvara. Verði forsendubrestur hjá öðrum hvorum samningsaðilanum er jafnframt hægt að segja upp samningnum með þriggja mánaða fyrirvara.

Aðilar hafa kynnt sér efni samningsins og hafa fullt umboð til að staðfesta hann með undirritun sinni.

7. gr. Lögsaga

Leysi samningsaðilar ekki ágreiningsmál sem rísa kunna vegna samnings þessa skulu þau rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík, 2.12.2021

f.h. atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis

f.h. Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu



Fylgiskjal 1
með samningi milli atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og SSH

Um verkefnið:

Heiti verkefnis: Stofnun samstarfsvettvangs um áfangastaðinn höfuðborgarsvæðið á starfssvæði Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Viðtakandi greiðslu: Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Kennitala: 681077-0819

Reikningsnúmer: 0322-0-26-80

Fjárlagaliður: 04-559

Viðfang:

Tölfræðiupplýsingar:

Atvinnugreinaflokkun styrkþega/samningsaðila: Starfsemi annarra ótalinna félagasamtaka

Landfræðileg flokkun:

Kyn styrkþega: Á ekki við.

Kynjahlutföll starfa sem skapast: Óvíst, verður ráðið í eitt starf á árinu 2022 en miða skal við að kynjahlutfall í stefnuráði verði sem jafnast sbr. 28. gr. laga nr. 150/2007.

Greiðslur:

Fjárlagaár	Dagsetning greiðslu	Upphæð kr.
2022	10.01.2022	10.000.000,-
2022	10.12.2022	2.000.000,-
	Samtals:	12.000.000,-



Fylgiskjal II

Fjárhagsáætlun*			
Samstarfsaðili	Íbúafjöldi	Hlutfall	Upphæð
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið			12.000.000
Reykjavíkurborg	134.101	56%	6.751.984
Kópavogsbær	38.760	16%	1.952.891
Seltjarnarneskaupstaður	4.690	2%	239.302
Garðabær	18.060	8%	909.938
Hafnarfjarðarkaupstaður	29.530	12%	1.487.845
Mosfellsbær	12.880	5%	648.948
**Ferðamálasamtök höfuðborgarsvæðisins			1.000.000
**Samtök ferðaþjónustunnar			1.000.000
**Samtök verslunar og þjónustu			500.000
Sóknaráætlun landshluta/ valin verkefni			4.000.000
Samtals			30.500.000

*Í fjárhagsáætlun er um að ræða áætlun en miðað verður við íbúatölu frá 1. desember 2021 við endanlega fjármögnun.

** Háð samþykki stjórnna hverra samtaka á samstarfssamningi.



Fundargerð, ráðgjafahópur um áfangastaða- og markaðsstofu fyrir höfuðborgarsvæðið

9. fundur – þriðjudaginn, 23. nóvember kl. 12.00 – 13.00 á TEAMS

Mættir: Andri Ómarsson (Hafnarfjarðarbær), Hulda Hauksdóttir (Garðabær), Huguína Ósk Ólafsdóttir (Mosfellsbær), María Björk Óskarsdóttir (Seltjarnarnes), Þórdís Lóa Þórhallsdóttir (Reykjavíkurborg), Rannveig Grétarsdóttir (SAF), Jón Kjartan Ágústsson (SSH) og Inga Hlín Pálsdóttir (SSH). Ekki mættir: Kjartan Sigurðsson (SVÞ), Ármann Kr. Ólafsson (Kópavogur) og Þórir Garðarsson (FSH). Fundarritari: Inga Hlín Pálsdóttir, ráðgjafi.

Þetta gerðist:

IHP upplýsti að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur samþykkt að koma með stuðning, 12 m.kr. sem nýttar verði til að setja á fót samstarfsvettvang sveitarfélaga og atvinnulífsins til undirbúnings stofnunar áfangastaða- og markaðsstofu í lok árs 2022. Tók ráðherra fram að koma yrði skýrt fram að um einskiptisaðgerð væri að ræða og að ekki yrði framhald á stuðningi ef ekki yrði af stofnun áfangastaðastofu. Sérstakur samningur yrði þá gerður milli SSH og ráðuneytisins sem myndi byggja á öðrum samningum við landshlutasamtök.

Ferðamálasamtök höfuðborgarsvæðisins og Samtök ferðaþjónustunnar hafa samþykkt hvor að koma með allt að 1 mkr. í samstarfsvettvanginn. IHP á fund með Samtökum verslunar og þjónustu til þess að ræða það sama við þau.

IHP fór yfir fyrstu drög að samningi og tillögu að breytingum miðað við þær forsendur sem hafa verið gefnar hingað til varðandi verkefnisstjórn og stefnuráð.

Á fundinum kom skýrt fram að þess væri óskað að starf verkefnisstjóra yrði auglýst ásamt því að aðkomu ráðgjafahópsins að ráðningu s.s. að tveir fulltrúar úr hópnum væru fengnir með í ráðningarferlið. Einnig að það væri sett upp skýr verklýsing fyrir viðkomandi verkefnisstjóra.

Umræður sköpuðust um nýjar tillögur er varðaði verkefnisstjórnina. Það þykir ekki vænlegt að tengja hana svona sterkt við stefnuráðið og lagt til að ráðgjafahópurinn muni frekar starfa áfram sem ákveðin verkefnisstjórn upp á tímalínur að gera. Þetta þarf hins vegar að skoða með tilliti til þess að bæði SSH og ráðgjafa telja að það þurfi að vera sterkara pólitískt bakland í ráðgjafahópnum ásamt því að hópurinn telur níu manns í dag. Ef horft er til stefnuráðsins þá eru þar 19 manns í dag. IHP mun skoða betri útfærslu á þessu þannig að ekki verði gat í verkefninu í framhaldinu.

Sérstök umræða var einnig um stefnuráðið. Hópurinn telur æskilegt að lögð verði áhersla á að tilnefningar í stefnuráðið séu pólitískt kjörnir fulltrúar ásamt fólki frá sveitarfélögunum með þekkingu á ferðamálaum. Einnig var því velt upp að mögulega sé aðeins hægt að tilefna í stefnuráðið til hálfes árs í senn.

IHP mun setja upp nýja tillögu og senda á hópinn.

Næsti og síðasti fundur fyrir stjórnarfund SSH, 6. des verður 30. nóv. kl. 11.00.

Fundi slitið kl. 13.00.

Fundargerð, ráðgjafahópur um áfangastaða- og markaðsstofu fyrir höfuðborgarsvæðið

10. fundur – þriðjudaginn, 30. nóvember kl. 11.00 – 11.30 á TEAMS

Mættir: Andri Ómarsson (Hafnarfjarðarbær), Hulda Hauksdóttir (Garðabær), Hugrún Ósk Ólafsdóttir (Mosfellsbær), María Björk Óskarsdóttir (Seltjarnarnes), Rannveig Grétarsdóttir (SAF), Ármann Kr. Ólafsson (Kópavogur) og Þórir Garðarsson (FSH) og Inga Hlín Pálsdóttir (SSH). Ekki mættir: Kjartan Sigurðsson (SVP), Jón Kjartan Ágústsson (SSH) og Þórdís Lóa Þórhallsdóttir (Reykjavíkurborg).
Fundarritari: Inga Hlín Pálsdóttir, ráðgjafi.

Þetta gerðist:

Inga Hlín upplýsti að SVP hafa gefið viljrði með fyrirvara um samþykki stjórnar að koma með 500 þúsund inn í samstarfið. Ásamt því að óskað hefði verið eftir samningsdrögum frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu fyrir stjórnarfund SSH nk. mánudag, 6. des.

Hún fór síðan yfir ný samningsdrög um samstarfsvettvanginn eftir athugasemdir síðasta fundar. Litlar athugasemdir voru varðandi starfsaðstöðu sem var bætt í skjalið. Ásamt því að umræða skapaðist um málsgrein um kynjahlutföll en hún var samþykkt eins og hún var sett fram.

Ráðgjafahópurinn lagði áherslu á að næstu skref verkefnisins væru skýr eftir stjórnarfund þannig að ekki yrði of mikil bið í vinnunni á næstunni.

Inga Hlín upplýsti að hún væri að hætta núna í framhaldinu og þökkuðu fundarmenn fyrir ánægjulegt samstarf. Hún mun skila af sér framvinduskýrslu ásamt samningsdrögum fyrir stjórn SSH. Ásamt því að svigrúm er gefið til þess að hitta nýjan verkefnisstjóra þegar hann tekur við og setja inn í verkefnið.

Fundi slitið kl. 11.30.